

32. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 1. september 2011 kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.

Mætt: Siggeir Stefánsson oddviti, Indriði Þóroddsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Steinunn Leósdóttir, Ólöf K. Arnmundsdóttir, Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri og Helgi Mar Árnason, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort að gerðar væru athugasemdir við boðun fundarins. Svo var ekki.

Oddviti spurði fundarmenn hvort að þeir gerðu athugasemdir við að bæta við auglýsta dagskrá lið 9. Vegamál í Langanesbyggð, lið 10. Umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og lið 11. Aðalskipulag Langanesbyggðar. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 12.08.2011

Lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð íþrótt- og tómstundanefndar dags. 15.08.2011.

- a. Liður 2 um afnot UMFL að íþróttahúsi. Sveitarstjóra falið að vinna í málinu.
- b. Liður 3 um öryggi á sundstöðum. Sveitarstjóra falið að vinna í málinu.
- c. Liður 4 um Landsmót UMFÍ 50+. Sveitarstjóra falið að vinna í málinu.
- d. Liður um lengri opnunartíma sundlaugar. Sveitarstjóra falið að kanna kostnað við lengri opnunartíma.
- e. Nefndin leggur fram tillögu í 14 liðum til sveitarstjórnar um starfsreglur nefndarinnar. Sveitarstjórn samþykkir reglurnar samhljóða og lýsir ánægju með að nefndin setji sér slíkar reglur. Sveitarstjórn bendir á að leiðréttta þarf á ýmsum stöðum í reglunum svo að orðið „nefndarmaður“ komi í staðinn fyrir „sveitarstjórnarmenn“.

Fundargerðin samþykkt samhljóða

3. Fundargerð hafnarnefndar dags. 16.08.2011

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4. Fundargerð fræðslunefndar dags. 16.08.2011

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5. Fundargerð landbúnaðarnefndar dags. 23.08.2011

Í lið 2 kemur fram að framlag Vegagerðarinnar til Langanesbyggðar úr fjallvegaskjóði er 2,5 milljónir króna á þessu ári.

- a. Nefndin leggur til að 1.250 þús. krónur fari í lagningu vegar í Tunguselsheiði, inn með Hafralónsá.
Samþykkt samhljóða.

- b. Nefndin leggur til að 1.250 þús. fari í Kverkártungubru. Sveitarstjóri útskýrði að málið væri í skoðun og lagði til að fjárveitingin yrði ekki samþykkt að svo stöddu. Sveitarstjóra falið að kanna málið enn frekar, m.a. með tilliti til umsóknar Langanesbyggðar um styrk úr fjallvegastjóði.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

6. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum:

- Sveitarstjóri upplýsti að Svala Sævarsdóttir hefur verið ráðin í 50% bókhaldsstarf til fjögurra mánaða.
- Gerð hafa verið drög að samningi við skólalárlingastjóra og gerðar reglur um skólaakstur fyrir Langanesbyggð.
- Vinna við endurskoðun samrekstrarsamnings við Svalbarðshrepp er hafin.
Sveitarstjóra falið að ganga til viðræðna við Svalbarðshrepp um þátttöku í rekstri framhaldsdeildarinnar.
- Sveitarstjóri upplýsir að Kristín Thorberg hefur verið ráðin framkvæmdastjóri hjúkrunar á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Nausti. Kristín mun funda vikulega með sveitarstjóra og upplýsa um starfseminna, í þeirri viðleitni að koma rekstri heimilisins í betra horf.
Sveitarstjórn býður Kristínu velkomna til starfa.
- Sveitarstjóri fór yfir að Langanesbyggð þarf að borga lífeyrissjóðsskuldbindingar v. Skeggjastaðahrepps í Lífeyrissjóði Austurlands að upphæð 220.000 krónur.
Samþykkt samhljóða að greiða lífeyrissjóðsskuldbindingarnar.

7. Starf íþróttá- og æskulýðsfulltrúa

Í innsendu bréfi frá UMFL dags. 28. ágúst er lagt til að UMFL og Langanesbyggð geri með sér samstarfssamning um stöðu íþróttá- og æskulýðsfulltrúa.

Í bréfi skólalárlingastjóra dags. 29. ágúst er lagt til ráðinn verði íþróttá- og tómsfundafulltrúi sem fyrst sem jafnframt sinni félagsmálum við skólanum.

Lagt fram til kynningar. Samþykkt að bíða með ákvörðun til næsta fundar.

8. Skipun aðalmanns í fræðslunefnd.

Í ljósi þess Sólveig Óladóttir, varaformaður, er hætt í nefndinni leggur sveitarstjóri til að Helgi Mar Árnason taki stöðu hennar í nefndinni.

Samþykkt samhljóða. Sveitarstjórn þakkar Sólveigu vel unnin störf.

9. Vegamál í Langanesbyggð

Lögð fram drög að ályktun sem senda á ráðherra samgöngumála, þingmönnum Norðausturkjördæmis og Vegagerð ríkisins um ástand vegarins milli Þórshafnar og Bakkafjarðar.

„Líkt og þér er kunnugt sameinuðust sveitarfélögin Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðahreppur í Langanesbyggð í apríl árið 2006. Í sveitarfélaginu eru tveir byggðakjarnar, Þórshöfn og Bakkafjörður, sem tengdir eru með vegi um Bakkaflóa og Langanesströnd og yfir svokallaða Brekknaheidi. Eins og gefur að skilja eru samgöngur um þennan veg æði miklar, enda er sveitarfélagið eitt atvinnusvæði auk þess sem íbúar

sveitarfélagsins sækja ýmsa þjónustu sem fyrir hendi er í þéttbýlinu, s.s. skóla og verslun. Þannig er börnum á grunnskólaaldri á Bakkafirði ekið daglega til Þórshafnar, auk þess sem börn í sveitum nærri Bakkafirði er ekið til skóla á Bakkafirði.

Vegurinn milli Þórshafnar og Bakkafjarðar er um 44 kílómetra langur, þar af hefur verið lagt bundið slitlag á samtals tæpa 17 kílómetra en rúmir 27 kílómetrar eru malarvegur. Við sameinginu sveitarfélaganna var stefnt að því að bæta samgöngur á milli Þórshafnar og Bakkafjarðar, m.a. að leggja bundið slitlag á allan veginn milli þorpanna. Af því hefur hinsvegar ekki orðið.

Malarkafllarnir á þessari leið hafa um árabil verið afar slæmir og í raun alræmdir meðal íbúa sveitarfélagsins. Sveitarstjórn Langanesbyggðar hefur um árabil krafist þess að verkið verði klárað en ekki hafa fengist varanlegar úrbætur, þ.e. bundið slitlag á allan veginn. Hefur malarköflunum lítið sem ekkert verið haldið við, auk þess þeir eru á köflum mjóir og í þeim mikil lausamöl. Árlega verða slys eða óhöpp á þessum köflum.

Síðustu mánuði hefur ástand vegarins verið með þeim hætti að um þverbak keyrir. Það er mat sveitarstjórnar við svo búíð verður vart unað lengur. Skólastarf er nú hafið í grunnskólum sveitarfélagsins og dagleg er börnum ekið um veginn. Þegar ofan á slæmt ástand vegarins bætist jafnvel ófærð og slæm veður fylgir því mikil ábyrgð að senda börn um þennan veg á hverjum degi.

Í ljósi mikilla samgöngubóta í landsfjórðungnum síðustu misseri, m.a. nýs vegar um Hólaheiði og um Vesturárdal í Vopnafirði, er umrædd leið eini vegakaflinn á mögulegum „ferðamannahring“ á Norðausturlandi sem ekki hefur verið lagaður að nútíma kröfum um ástand akvega.

Þá er það í besta falli sérkennilegt að á meðan umræddur vegur, sem tengir saman byggðarkjarna á sama atvinnusvæði, er í eins slæmu ástandi og raun ber vitni, er á sama tíma varið háum fjárhæðum í að byggja upp ferðamannavegi víða um land, helst á suðvesturlandi.

Þess vegna vill sveitarstjórn Langanesbyggðar fara þess á leit við þig að þú beitir þér fyrir því að fjármagni verði varið í klára veginn í eitt skipti fyrir öll og þannig stadið við það sem rætt var um fyrir 5 árum síðan. “

Samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að senda ályktunina til viðeigandi aðila.

10. Umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða

Sveitarstjóri lagði fram drög að umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða:

„Á vörþingi 2011 lagði sjávarútvegsráðherra fram á Alþingi þingmál nr. 827 um breytinara lögum um stjórn fiskveiða („stóra-frumvarpið“) en áætlað er að afgreiða frumvarpið nú á haustþingi. Sveitarstjórn Langanesbyggðar lýsir yfir þungum áhyggjum vegna frumvarpsins. Er einsýnt að verði frumvarpið samþykkt í óbreyttri mynd mun það, auk frumvarps um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem samþykkt var á Alþingi á sl. vor („litla-

frumvarpið“), geta haft veruleg neikvæð áhrif á atvinnuþróun í Langanesbyggð sem og öðrum byggðum landsins sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi.

Undanfarin ár hefur atvinnulíf í Langanesbyggð staðið í miklum blóma. Ísfélag Vestmannaeyja hefur fjárfest verulega í uppbyggingu fiskvinnslu á Þórshöfn og störfum hefur fjölgað jafnt og þétt, bæði við fiskvinnslu sem og afleiddum störfum. Einsýnt er að svigrúm það sem fólgið er í núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi gerir Ísfélagi Vestmannaeyja kleyft að byggja upp hagkvæma rekstrareiningu á Þórshöfn, fjárfestingu sem lagt er í með langtímahagsmuni að leiðarljósi, bæði hagsmuni félagsins og byggðarinnar.

Þá er rekin á Þórshöfn öflug útgerð, sem gerir út bátinn Geir ÞH, sem sér fjölmörgum fjölskyldum í sveitarfélaginu farborða, en útgerðin hefur á undanförunum árum fjárfest mjög í aflaheimildum til að styrkja rekstrargrundvöll sinn.

Einnig rekur fiskvinnslufyrirtækið Toppfiskur myndarlega fiskvinnslu- og þurrkun á Bakkafirði sem skapar fjölda starfa á staðnum.

Jafnframt eru í sveitarfélaginu fjölmargar útgerðir smærri aflamarksbáta sem veita eigendum sínum og öðrum tryggja atvinnu.

Næg og stöðug atvinna hefur styrkt innviði alls samfélagsins; íbúum hefur fjölgað, þjónustustig hefur hækkað og nýverið var ákveðið að ráðast í nýbyggingar íbúða til að bregðast við fyrirsjáanlegum húsnæðisskortum á Þórshöfn.

Athugasemdir við greinar frumvarpsins

Sveitarstjórn Langanesbyggðar gerir alvarlegar athugasemdir við fjölmargar greinar frumvarpsins:

Í 3. grein þess er m.a. fjallað um þá flokka og hluta sem heildarafli skiptist í, eða svokallaða byggðapotta. Hagfræðingar, héraendis og erlendis, eru jafnan á einu máli um að sóknarstýring í fiskveiðum er óhagkvæm til lengri tíma lítið, enda leiði hún fjölgunar fiskiskipa og slæmrar meðferðar á afla. Úthlutun byggðakvóti fylgir auk þess aukin hætta á hagsmunapotum, geðþóttaákvörðunum og spillingu.

Í 6. grein frumvarpsins er fjallað um rétt útgerða til samninga um nýtingaleyfi á aflaheimildum. Líkt og í 3. grein skapar 6. greinin hættu á pólitískri spillinu og geðþóttaákvörðunum sjávarútvegsráðherra og dregur úr möguleikum sjávarútvegsfyrirtækja á hagkvæmum langtímafjárfestingum.

7. grein frumvarpsins mun eyða á nánast einu bretti hagkvæmni innan sjávarútvegsins, enda kveður greinin á um bann við varanlegu framsali aflaheimilda. Bráðabirgðaákvæði við greinina færir sjávarútvegsráðherra óeðlilegt geðþóttavald, það eð hún kveður á um að framsal aflaheimilda sé háð samþykki ráðherra næstu árin og heimilar honum að neyta forkaupsréttar á aflaheimildum á verði sem hann ákveður sjálfur! Ekki þarf að fjölyrða um óhagæði það sem hlýst af slíkri lagasetningu.

Í 15. grein frumvarpsins er fjallað um hlutfall uppsjávaraflla til manneldisvinnslu. Greinin kveður á um að hlutfallið skuli auka úr 70% í 85%. Á það skal bent að það er yfirlýst markmið allra sjávarútvegsfyrirtækja sem stunda veiðar og vinnslu á uppsjávarfiski að auka hlutfall manneldisvinnslu. Það er aftur á móti mjög varhugavert að lögfesta það hlutfall sem vinna skal til manneldis, enda getur margt ráðið því hvernig hagkvæmast er að vinna aflann og hámarka aflaverðmætið.

Almennt um frumvarpið

Aukið óhagræði

Með lagasetningu þeirri sem kveðið er á um í „stóra-frumvarpinu“ er uppbyggingu sjávarútvegs stefnt í voða, enda víkja í því langtímahagsmunir fyrir skammtímahagsmunum. Með því að heimila ráðherra að breyta reglum kerfisins frá ári til árs, eftir eigin geðþótta, dregur úr möguleikum sjávarútvegsfyrirtækja til að gera langtímaáætlanir og fjárfestingar í samræmi við þær.

Aðför að landsbyggðinni

Engum dylst að samþjöppun í sjávarútvegi, bæði í veiðum og vinnslu, hefur bitnað á einstökum byggðarlögum á landsbyggðinni. Að sama skapi hafa aðrar byggðir eflst og dafnað, hvar stærri og sterkari fyrirtæki hafa getað hagrætt í rekstri og þar af leiðandi aukið virði þeirra veiðiheimilda sem þau hafa úr að spila. Núverandi fyrirkomulag fiskiveiðistjórnunar hefur því ekki síður eflt landsbyggðina en veikt. Það er því vandséð sú sanngirni sem á að vera í því fólgin að taka veiðiheimildir út úr byggðarlögum sem hafa styrkst og eflst á undanförunum árum, t.d. með gríðarlegum fjárfestingum í búnaði og mannafla, og færa til byggða sem eru ekki í stakk búin til að skapa sömu verðmæti.

Framsäl

Undanfarin ár hafa orðið til á Íslandi gríðarlega öflug sjávarútvegsfyrirtæki, sem mörg hver hafa sérhæft sig í veiðum og vinnslu ákveðinna fiskitegunda. Þannig næst fram ótvíræð hagkvæmni, enda ekki alltaf á vísann að róa í útgerð þar sem ófyrirsjáanlegar sveiflur og breytileiki í náttúrunni getur verið mikill. Með framsali veiðiheimilda hafa fyrirtækin getað brugðist við slíku og þannig náð að laga sig að breytilegum aðstæðum sem óhjákvæmilega fylgir nýtingu náttúrulegra fiskistofna.

Vald ráðherra

Frumvarpið færir sjávarútvegsráðherra verulegt vald og svigrúm til pólitískra geðþóttaákvæðanna. Sveitarstjórnarmönnum er, samkvæmt frumvarpinu, jafnframt fært samskonar vald til úthlutunar veiðiheimilda. Reynsla síðustu ára af úthlutun byggðakvóta hefur sýnt að slíkt vald er sveitarstjórnarmönnum í litlum sjávarbyggðum mikill bjarnargreiddi og hefur leitt af sér ósætti og illindi víðast hvar.

Byggðakvóti, pottar og sóknarstýring

Þó aflahlutdeildarkerfi, líkt og notað hefur verið við stjórn fiskveiða við Ísland frá árinu 1984, sé um margt umdeilanlegt, dylst engum að hagkvæmni sjávarútvegs hefur aukist til muna og fjölmargar byggðir, bæði stórar og smáar, eflst og dafnað, þrátt fyrir fullyrðingar margra um annað. Langanesbyggð hefur fram til þessa stutt mjög aðgerðir sem hefur verið ætlað að styðja hinar veikari byggðir, t.d. úthlutun byggðakvóta. Eins og áður er nefnt er úthlutun slíkra heimilda og réttinda síður en svo átakalaus og oft án sjáanlegra hagsbóta fyrir viðkomandi byggðir. Það væri því til að æra óstöðugan að auka enn frekar á slíkar aðgerðir, með tilheyrandi hættu á spillingu, úlfúð og óhagræði. Það tæki síðan átján yfir ef veiðum úr boðuðum byggðapottum ætti að stýra með sóknarstýringu, enda hefur það sýnt sig oft og víða um heim, t.d. við Færeyjar og Nýfundnaland, að kappveiðar leiða til magnveiða sem aftur bitnar á gæðum aflans og þar af leiðandi verðmætum hans, svo ekki sé nú talað um skynsamlega og sjálfbæra nýtingu fiskistofna.

Það er mat sveitarstjórnar Langanesbyggðar að finna þurfi nýja aðferðarfræði við úthlutun aflaheimilda til hinna veikari byggða, þar sem langtímahagsmunir byggðanna verði hafðir að leiðarljósi, svo eyða megi óvissu um úthlutun frá ári til árs og byggðirnar geti gert áætlanir um stöðuga uppbyggingu til langs tíma.

Nýliðun

Í þeirri viðleitni að auka nýliðun í sjávarútvegi, gerir frumvarpið ráð fyrir að þeir sem hafa þegar selt frá sér veiðiheimildir geti á ný fengið heimildir, þeim að kostnaðarlausu; veiðiheimildir sem teknar eru af útgerðum sem hafa greitt fyrir þær hátt verð. Á sama hátt mun frumvarpið, verði það að lögum, færa heimildir frá útgerðum sem hafa atvinnu af fiskveiðum til þeirra sem stunda veiðar í tómstundum. Slík nýliðun á að mati sveitarstjórnar Langanesbyggðar ekki rétt á sér og á reyndar fátt skylt við nýliðun. Eða hvað er fengið með því að taka veiðiheimildir af einum og færa öðrum?

Áhrif á Langanesbyggð

Langanesbyggð byggir afkomu sína fyrst og síðast á sjávarútvegi, hefur alltaf gert það og mun alltaf gera. Atvinnuástand og mannlíf í sveitarfélaginu er nú í meiri blóma en verið hefur um langa hríð. Atvinnuleysi þekkist ekki og undanfarin misseri hefur menntað fjölskyldufólk sest að í sveitarfélaginu, ekki síst vegna þess að hér hefur ríkt stöðugleiki í atvinnulífinu um nokkurt skeið.

Langanesbyggð fór varhluta af „uppsveiflunni“ svokölluðu, naut ekki ávaxtanna af ofurvexti bankanna í sama mæli og sveitarfélög á suðvesturhorni landsins. Íbúar Langanesbyggðar hafa samt sem áður mátt súpa af beiskum kaleik hinnar svokölluðu „kreppu“ í formi skattlagningar, hækkandi flutningskostnaðar og minnkandi kaupmáttar. Íbúum Langanesbyggðar hefur alltaf verið ljóst að verðmæti verða ekki búin til úr loftinu eða á pappírnum, heldur með vinnusemi og dugnaði. Þess vegna hefur sveitarfélagið lagt mikla fjármuni í hlúa sem best að sjávarútvegi í byggðinni, m.a. með því að bæta hafnaraðstöðu á Þórshöfn til að svara auknum kröfum um meðferð og frágang afla, svo úr honum megi vinna sem mest verðmæti, þjódarbúinu til tekna.

Útvarstekjur Langanesbyggðar eru að langstærstum hluta byggðar á störfum sem tengjast sjávarútvegi eða afleiddum störfum. Þá hafa aukin umsvif í höfninni á Þórshöfn skilað sveitarfélaginu umtalsverðum tekjum.

Ljóst er að frumvörp ríkisstjórnarinnar um breytingar á stjórn fiskveiða munu draga verulega úr þeim aflaheimildum útgerðir í sveitarfélaginu hafa yfir að ráða. Frumvarpið sem nú er til umfjöllunar mun auk þess draga verulega úr möguleikum útgerðanna til hagræðingar og fjárfestinga. Að samanlögðu myndu frumvörpin því skapa verulega óvissu um framtíð fiskvinnslu og útgerðar í Langanesbyggð. Ekki þarf að spyrja að leikslokum verði vegið að fjöreggi sveitarfélagsins með þessum hætti.

Niðurstaða Langanesbyggðar

Frumvarpið eru að mati sveitarstjórnar illa ígrundað, enda vegur það að atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni og skapar verulega óvissu um afkomu sjávarbyggða á borð við Þórshöfn og Bakkafjörð. Því skorar sveitarstjórn Langanesbyggðar á sjávarútvegsráðherra að draga frumvarpið til baka nú þegar.

Samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að senda til viðeigandi aðila.

11. Aðalskipulag Langanesbyggðar

Sveitarstjóri fór yfir vinnu við aðalskipulag. Fyrirhugað er að gera landamerkjumælingar í næstu viku og í kjölfarið verða gerð ný drög í samvinnu við Skipulagsstofnun.

Sveitarstjóra, skrifstofustjóra, skipulag- og byggingasfulltrúa og skipulagsráðgjafa falið að vinna áfram að aðalskipulagi í samráði við Skipulagsstofnun, með vísan í fund sem sveitarstjórn Langanesbyggðar átti með fulltrúum Skipulagsstofnunar og skipulagsráðgjafa þann 20. júní sl.

Fleira ekki gert, fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 21:00